

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 20.september 2018 klukkan 16:15-17:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Gróa Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri, Silja Konráðsdóttir og Elísabet Kjartansdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Kristín Þóra Möller og Þórdís Kristinsdóttir fulltrúar foreldra. Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Þórhildur Erna Arnardóttir fulltrúi nemanda.

Dagskrá:

- 1.mál Kynning fulltrúa.**
- 2.mál Breyting á skóladagatali.**
- 3.mál Ráðið samþykkir:**
 - a. Starfsáætlun 2018 – 19.**
 - b. Áætlun um innra mat 2018 – 2021.**
 - c. Umbótaáætlun 2018 – 19.**
- 4.mál Kynning á breyttum áherslum, vinnubrögðum og verkferlum vegna nýrra persónuverndarlaga.**
- 5.mál Önnur mál.**
- 6.mál Gengið um skólann.**

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Kynning fulltrúa.

Allir fundarmenn kynntu sig.

2.mál Breyting á skóladagatali.

Lagt til að breyta starfsdegi 5.október til 12.október. Ástæðan er sú að Menntakvika HÍ er 12.október sem stjórnendur vilja gefa starfsmönnum tækifæri á að fara á.

Tillagan er samþykkt.

3.mál Ráðið samþykkir:

- a. Starfsáætlun 2018 – 19.
Sigurbjörg lagði hana fram og óskaði eftir athugasemdum stjórnarmanna.
- b. Áætlun um innra mat 2018 – 2021 – Sjálfsmatsáætlun Akurskóla.
Sigurbjörg lagði hana fram og óskaði eftir athugasemdum stjórnarmanna.
- c. Umbótaáætlun 2018 – 19
Sigurbjörg lagði hana fram og óskaði eftir athugasemdum stjórnarmanna.

Skólaráð Akurskóla hefur farið yfir og samþykkt fyrir sitt leyti Starfsáætlun, Áætlun um innra mat og Umbótaáætlun.

4.mál Kynning á breyttum áherslum, vinnubrögðum og verkferlum vegna nýrra persónuverndarlaga.

Sigurbjörg fór yfir nýjar og breyttar áherslur vegna nýrra persónuverndarlaga í tengslum við skólastarfið, nemendur og starfsmenn.

Verið er að vinna vinnslusamninga við þá þjónustuaðila sem koma að skólastarfinu og breytt vinnubrögð varðandi nemendur og það umhverfi sem skólastarfið er í.

5.mál Önnur mál.

Skráningar á heimanámi, á það við um alla bekki að það sé skráð inn í mentor?

6.mál Gengið um skólann.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.00.

Fundargerð þessa ritaði
Gróa Axelsdóttir
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla